



Forsíðumyndin sýnir Túnakort Innri Njarðvíkur (Þjóðskjalasafn Íslands).

## **F**ORNLEIFAFRÆDISTOFAN

© Bjarni F. Einarsson  
Unnið fyrir Reykjanesbæ  
Janúar 2019

### ***Inngangur***


Að beiðni Reykjanesbæjar kannaði Fornleifafræðistofan fornleifar á svæði við Innri Njarðvík vegna deiliskipulags fyrirhugaðar stækkunar á kirkjugarðinum. Staðsetning fornleifa og mörk svæðisins eru sýnd á mynd 2.

Farið var í gegnum ýmsar heimildir svo sem örnefnaskrár, Sýslu- og sóknarlýsingar og Manntal frá 1703.

Allt svæðið var kannað á vettvangi og fór vettvangsvinna fram þann 19. september og 30. nóvember síðastliðinn. Veður var gott á meðan á vettvangsvinnu stóð báða dagana.

Niðurstaða fornleifaskráningarinnar er í töflu 1 auk meðfylgjandi fornleifaskrá og loftmyndar með staðsetningu fornleifa.

Fulltrúi verkkaupa var Gunnar Kristinn Ottósson hjá Reykjanesbæ.



Mynd 1. Túnakort Innri Njarðvíkur. Hringurinn sýnir bæjartorfuna. Þar eru bæði hús, grafreitir og kálgarðar auk traða. Kirkjan er á núverandi stað (Þjóðskjalasafn Íslands. Viðbót BFE 2018).

### Sögubrot.

Njarðvíkur er fyrst getið í máldaga Njarðvíkurkirkju árið 1269 (Ísl. fornbréfasafn 1893:65). Að stofni til mun skjal þetta vera frá því um 1200 (Kristján Sveinsson 1996:35). Um 1270 á kirkjan rekarétt og hvalreka á Rosmhvalanesi (Ísl. fornbréfasafn 1893:76, 79).

Árið 1686/95 er Innri Njarðvík talin vera 33 hundraða jörð (Björn Lárusson 1967:124). Jörðin var þá í eigu kóngsins og var í Vatsleysustrandarhreppi. Engin jörð var jafn stór, aðeins Stóru Vogar voru jafningjar Innri Njarðvíkur. Meðaltal jarða í hreppnum var tæplega 21 hundrað sem var vel yfir landsmeðaltali.

Í Jarðatali Árna og Páls er jarðardýrleikinn talinn óviss, en landskuldin var 180 álnir eða hin sama og árið 1686/93 (Jarðabók 1982:113). Svo skemmtilega vill til að Árni og Páll sátu í Innri Njarðvík þegar þeir söfnuðu saman upplýsingum um býlin á svæðinu. Enda var þar þingstaður á þeim tíma. Síðar tók þingstaðurinn einnig yfir aðra hreppi í sýslunni, Rosmhvalahrepp, Hafna- og Grindavíkurhrepp og Strandahrepp (Sýslu- og sóknarlýsingar 2007:22).

Árið 1703 voru 36 manns til heimilis í Innri Njarðvík (Manntal á Íslandi árið 1703:12-13).

Það er nokkuð ljóst að í Innri Njarðvík hefur verið mikið umleikis. Þar var útræði, hjáleigur og þurrabúdir allt um kring og margir munnar sem þurfti að metta. Af Túnakortinu má ráða að á bæjartorfunni hefur verið

margt húsa og því kemur ekki á óvart að bæjarhóllinn er stór. Búast má við óþekktum fornleifum í nánasta umhverfi hólsins og ekki síst á milli hans og strandarinnar þar sem varir og uppsátur voru.

### *Skráningin*

Samkvæmt lögum um menningarminjar frá 2012 eru allar fornleifar friðaðar og sumar friðlýstar (Lög um menningarminjar 2012). Þeim má enginn, hvorki landeigandi, framkvæmdaaðili né nokkur annar spilla, granda né úr stað færa, nema með leyfi Minjastofnunar Íslands (21. gr.).

Því eru allar þær fornleifar á könnunarsvæðinu sem og annarsstaðar og eldri eru en 100 ára, friðaðar skv. lögnum.

Friðlýstum fornleifum fylgir 100 m friðhelgt svæði út frá ystu sýnilegu mörkum þeirra (22. gr). Um friðaðar fornleifar er 15 m friðhelgað svæði umleikis samkvæmt sömu grein. Sú hefð hefur þó komist á að fara ekki of nærri fornleifum og taka tillit til eðlis þeirra og þarfa. Engar friðlýstar fornleifar eru í nágrenni hins rannsakaða svæðis, en þar eru nokkrar skráðar fornleifar.

Nr.	Teg.	Fj.	Hættumat	Hætta	Ástand	Aldur	Minjagildi	Varðveislugildi	Friðlýst?	Mót.
215:1	Bæjarhóll	1	Framkvæmdir	Talsverð	Sæmilegt	1550-1900	Hátt (7,5)	Hátt (7,5)	Nei	Rannsókn
228:1	Rúst	1	Framkvæmdir	Talsverð	Ágætt	1550-1900	Talsvert (6)	Talsvert (6)	Nei	Rannsókn
229:1	Gata	1	Framkvæmdir	Talsverð	Ágætt	1550-1900	Lítið (4)	Lítið (4)	Nei	Þversnið
230:1	Garður	1	Framkvæmdir	Talsverð	Lélegt	1550-1900	Lítið (3)	Lítið (3)	Nei	Þversnið
231:1	Rúst	1	Framkvæmdir	Talsverð	Ágætt	1550-1900	Talsvert (6)	Talsvert (6)	Nei	Rannsókn
232:1	Kirkjugarður og kirkja?	2	Framkvæmdir	Mikil	Lélegt	-1550	Hátt (7)	Hátt (7)	Nei	Rannsókn
	Fjöldi	7				Meðaltöl	4,64	4,64		


Tafla yfir skráðar fornleifar í Innri Njarðvík. Hér er gengið út frá því að hinar fyrirhuguðu framkvæmdir valdi tímabundinni hættu og mat lagt á hana. Að öðru leyti er vísað í meðfylgjandi fornleifaskrá vegna þeirrar hættu sem kann að stafa af annarri viðverandi hættu.

Samtals voru sjö fornleifar skráðar í tengslum við vettvangs-rannsóknina. Tveir staðanna töldust hafa hátt minja- og varðveislugildi, en það voru hinn gamli bæjarhóll Innri Njarðvíkur og meintar leifar gamals kirkjugarðs og kirkju inni í núverandi kirkjugarði. Þó bæjarhóllinn sé aldursgreindur í fornleifaskrá og töflu 1 til árabilsins 1550-1900 er hann að stofni til mun eldri og nær allavega aftur á 13. öld og líklega lengra. Sama gæti átt við hinn meinta kirkjugarð og kirkjurúst.

Aðrar fornleifar töldust hafa talsvert minja- og varðveislugildi og allar voru þær taldar vera frá tímabilinu 1550-1900.

Allar fornleifarnar voru taldar í talsverðri hættu vegna hinna fyrirhuguðu framkvæmda.

Þegar ekki er hægt að tryggja öryggi fornleifa eða þær þarf að fjarlægja vegna fyrirhugaðra framkvæmda þarf að grípa til mótvægisáðgerða. Slíkar áðgerðir geta verið allt frá breyttri áætlun um framkvæmdir sem taka tillit



Mynd 2. Mörk skipulagssvæðisins (hvít brotin lína) og staðsetning einstakra fornleifa (rauðar línur). Bláar línur sýna líklegar fornleifar og framhald af skráðum fornleifum sem ekki sást á vettvangi. Breiðu bláu línurnar marka líklega kálgarða sem sjást á túnakortinu.. (Loftmyndir. Viðbætur: Landslag og Fornleifafraeðistofan).

til fornleifa (1. kostur), nákvæmri GPS staðsetningu og ljósmyndun að nákvæmri fornleifarannsókn. Rannsóknir á einfaldari fornleifum eins og gördum og götum er gjarnan þverskurður í gegnum þær, hann teiknaður í sniði, ljósmyndaður og gjóskulaga leitað til að aldursgreina eftir atvikum.

Rannsóknir á yngri skepnuhúsum geta einskorðast við þverskurði í leit að eldri minjum undir, eða að ákveðinn hluti húsanna séu fullransakaðir, ef allt húsið er ekki fullransakað. Leita þarf leyfis Minjastofnunar Íslands í öllum tilfellum og stofnunin ákveður umfangið og setur þá skilmála sem henni kann að þykja nauðsynlegir.

### **Niðurstaða**

Tvennar fornleifar voru taldar í hæsta minja- og varðveisluflokki, tvennar voru í næst hæsta minja- og varðveisluflokki og tvennar í þeim lægsta. Allar fornleifarnar teljast vera í talsverðri hættu vegna fyrirhugaðra framkvæmda. Líklega er hægt að sneiða hjá fornleifum og breyta lítillaga áætlunum um framkvæmdir í flestum tilfellum, en þar sem það er ekki hægt þarf mótvægisáðgerða við. Bent er á að allar minjar sem eldri eru en 100 ára eru friðaðar og þeim fylgir 15 m friðhelgunarsvæði út frá ystu mörkum þeirra. Sjá nánar meðfylgjandi fornleifaskrá.

Gröftur heima við bæi og eyðibæi þarfnast líklega framkvæmdaefirlits í einhverjum tilfellum á meðan vinna stendur yfir. Varast ber að nýta svæðin í kringum fornleifar sem geymslustaði eða brautir fyrir vélar og tæki, eða efnisgeymslur af hverju tagi nema að leyfi Minjastofnunar Íslands komi til með eða án skilmála sem stofnunin kann að setja.

### **Heimildir**

- Fornleifaskrá.* Skrá um friðlýstar fornleifar. Fornleifanefnd - Þjóðminjasafn Íslands. Ágúst Ó. Georgsson tók saman. Reykjavík 1990.
- Jarðabók Árna Magnússonar og Páls Vídalíns.* Gefin út af Hinu ísl. Fræðafjelagi í Kaupmannahöfn. Þriðja bindi. Gullbringu- og Kjósarsýsla. Kaupmannahöfn 1923-1924. Ljósprent 1982.
- Íslenskt fornbréfasafn* sem hefir inni að halda bréf og gjörninga, dóma og máldaga, og aðrar skrár. Gefið út af Hinu ísl. bókmenntafélagi. Annað bindi 1253-1350. Kaupmannahöfn 1893.
- Kristján Sveinsson. *Saga Njarðvíkur.* Þjóðsaga. Reykjavík 1996.
- Lög um menningarminjar.* Nr. 80 29. júní 2012.
- Manntal á Íslandi árið 1703.* Tekið að tilhlutun Árna Magnússonar og Páls Vídalín ásamt manntali 1729 í þrem sýslum. Gefið út af Hagstofu Íslands. Reykjavík 1924-1947.
- Sýslu- og sóknarlýsingar* Hins ísl. bókmenntafélags 1839 – 1855. Gullbringu- og Kjósarsýsla. Guðlaugur R. Guðmundsson og Svavar Sigmundsson sáu um útgáfuna. Ný útgáfa. Sögufélag. Reykjavík 2007.
- Túnakort.* Njarðvík. Þjóðskjalasafn Íslands.
- Örnefnaskrá. Innri Njarðvík.* Stofnun Árna Magnússonar í íslenskum fræðum - Örnefnasafn.

### **Fylgirit**

*Fornleifaskrá:* Reykjanesbær Nr. 215:1, 228:1 - 232:1.

# Fornleifaskrá

Sýsla	Sveitarfélag	Núv. sveitarfél.	Hverfi	Aðalnr.
Gullbringusýsla	Reykjanesbær	2200		215
Landareign	MÍ:Nr	Heiti	Undirnr.	
Innri Njarðvík		Innri Njarðvík	1	

Skrásetjari	Dags.	GPS Staðsetning	Viðmiðun	M.y.s.	Skekkja
Bjarni F. Einarsson	18.9.2018	E 328072 N 391047	Isn 93		3

Tegund minja	Tilgáta/Niðurstaða	Verk	Fjöldi				
Bæjarhóll		Nja 18	1				
Hættumat	Hætta	Ástand	Aldur	Í eyði	Tímab. hættumat	Tímab. hætta	Á kort?
Ábúð	Talsverð	Sæmilegt	1550-1900		Framkvæmdir	Talsverð	Nei
Minjagildi	Einkunn	Varðveislugildi	Einkunn 2	Friðlýsa?	Friðlýst?	Hvenær	
Hátt	7,5	Hátt	7,5	Nei	Nei		

## Legg og staðhættir

N megin við Innri Njarðvíkurkirkju. Við Njarðvíkurbraut.

## Heimildir og munnmæli

Kristján Sveinsson. *Saga Njarðvíkur*. Þjóðsaga. Reykjavík 1996.  
Túnakort. Njarðvík. Þjóðskjalasafn Íslands.

## Lýsing

### Bæjarhóll.

50x35 m (N-S). Hóllinn er mjög vel gróinn. Hefur líklegast verið lítilliga raskað S og SA megin vegna íbúðarhúsa.

Ekki er hægt að greina nein form, en þó eru bollar uppi á bæjarhólnum sem benda til rýma.


Elsta heimild um Njarðvík er líklega skjal sem að stofni til er frá því um 1200, en það er máldagi kirkunnar í Njarðvík. Hann er þó ekki yngri en 1269. (Kristján Sveinsson 1996:35).

Neðri myndin sýnir Túnakort yfir Njarðvíkur (bæina) og byggðina í kring. Sjá má að talsverð þyrping húsa hefur staðið á Njarðvíkurtorfunni.

## Teikning/Ljósmynd



## Ljósmynd



Ljósmyndari

Sandra Sif Einarsdóttir

Filma nr./teg. myndar

Kodak LS443

## Athugasemdir

Staðurinn var fyrst skráður þann 9. maí 2008 af Söndru Sif Einarsdóttur. Ef ekki er hægt að tryggja öryggi fornleifanna þarf að leyta leyfis Minjastofnunar Íslands til að raska þeim og sæta þeim skilmálum sem stofnunin kann að setja.

# Fornleifaskrá

Sýsla	Sveitarfélag	Núv. sveitarfél.	Hverfi	Aðalnr.
Gullbringusýsla	Reykjanesbær			228
Landareign	MÍ:Nr	Heiti		Undirnr.
Innri Njarðvík				1

Skrásetjari	Dags.	GPS Staðsetning	Viðmiðun	M.y.s.	Skekkja
Bjarni F. Einarsson	18.9.2018	E 327950,8 N 391160,7	Isn 93		>5

Tegund minja	Tilgáta/Niðurstaða	Verk	Fjöldi				
Rúst		Nja 18	1				
Hættumat	Hætta	Ástand	Aldur	Í eyði	Tímab. hættumat	Tímab. hætta	Á kort?
Ábúð	Lítill	Ágætt	1550-1900		Framkvæmdir	Talsverð	Nei
Minjagildi	Einkunn	Varðveislugildi	Einkunn 2	Friðlýsa?	Friðlýst?	Hvenær	
Talsvert	6	Talsvert	6	Nei	Nei		

## Legg og staðhættir

Í túni norðan við gamla bæjarhólinn.

## Heimildir og munnmæli

### Lýsing

#### Rúst.

5 x 6 m stór (NV - SA). Veggir úr grjóti og torfi. Breidd þeirra verður ekki greind og engar dyr heldur. Hæð þeirra er 0,4 m. Í NV-hlutanum eru nokkrir stórir steinar.

Rústin er vel gróin grasi.

### Teikning/Ljósmynd



### Ljósmynd



Ljósmyndari

Bjarni F. Einarsson

Filma nr./teg. myndar

Canon EOS 550D

### Athugasemdir

Ef ekki er hægt að tryggja öryggi fornleifanna þarf að leyta leyfis Minjastofnunar Íslands til að raska þeim og sæta þeim skilmálum sem stofnunin kann að setja.

# Fornleifaskrá

Sýsla	Sveitarfélag	Núv. sveitarfél.	Hverfi	Aðalnr.
Gullbringusýsla	Reykjanesbær			229
Landareign	MÍ:Nr	Heiti		Undirnr.
Innri Njarðvík				1

Skrásetjari	Dags.	GPS Staðsetning	Viðmiðun	M.y.s.	Skekkja
Bjarni F. Einarsson	18.9.2018	E 328045,2 N 391073,6	Isn 93		>5

Tegund minja	Tilgáta/Niðurstaða	Verk	Fjöldi				
Gata		Nja 18	1				
Hættumat	Hætta	Ástand	Aldur	Í eyði	Tímab. hættumat	Tímab. hætta	Á kort?
Ábúð	Lítill	Ágætt	1550-1900		Framkvæmdir	Talsverð	Nei
Minjagildi	Einkunn	Varðveislugildi	Einkunn 2	Friðlýsa?	Friðlýst?	Hvenær	
Lítið	4	Lítið	4	Nei	Nei		

## Legg og staðhættir

Í túni norðan við gamla bæjarhólinn og áfram til NV.

## Heimildir og munnmæli

Túnakort. Njarðvík. Þjóðskjalasafn Íslands.

## Lýsing

### Gata.

Liggur frá gamla bæjarhólnum til NV. Um 2,5 - 3 m breidd og 0,1 - 0,2 m há. Gatan er vel gróin grasi. Hún hefur líklega legið fast upp að bænum að vestanverðu og þjónað sem traðir. Á túnakorti má sjá götu frá Innri Njarðvík að Há koti.

## Teikning/Ljósmynd



## Ljósmynd



Ljósmyndari

Bjarni F. Einarsson

Filma nr./teg. myndar

Canon EOS 550D

## Athugasemdir

Ef ekki er hægt að tryggja öryggi fornleifanna þarf að leyta leyfis Minjastofnunar Íslands til að raska þeim og sæta þeim skilmálum sem stofnunin kann að setja.

# Fornleifaskrá

Sýsla	Sveitarfélag	Núv. sveitarfél.	Hverfi	Aðalnr.
Gullbringusýsla	Reykjanesbær			230
Landareign	MÍ:Nr	Heiti		Undirnr.
Innri Njarðvík				1

Skrásetjari	Dags.	GPS Staðsetning	Viðmiðun	M.y.s.	Skekkja
Bjarni F. Einarsson	18.9.2018	E 328061,9 N 391098,1	Isn 93		>5

Tegund minja	Tilgáta/Niðurstaða	Verk	Fjöldi				
Garður		Nja 18	1				
Hættumat	Hætta	Ástand	Aldur	Í eyði	Tímab. hættumat	Tímab. hætta	Á kort?
Ábúð	Lítill	Lélegt	1550-1900		Framkvæmdir	Talsverð	Nei
Minjagildi	Einkunn	Varðveislugildi	Einkunn 2	Friðlýsa?	Friðlýst?	Hvenær	
Lítið	3	Lítið	3	Nei	Nei		

## Legg og staðhættir

Í túni norðan við gamla bæjarhólinn um 20 m austur af götunni (nr. 229).

## Heimildir og munnmæli

### Lýsing

#### Garður.

Úr grjóti (og torfi?), um 35 m langur, 0,5 - 1,0 m breiður og 0,2 - 0,3 m hár. Einstaka steinar sjást í garðinum alla leiðina sem hann sást á yfirborði. Hann er vel gróinn grasi.

### Teikning/Ljósmynd



### Ljósmynd



Ljósmyndari

Bjarni F. Einarsson

Filma nr./teg. myndar

Canon EOS 550D

### Athugasemdir

Ef ekki er hægt að tryggja öryggi fornleifanna þarf að leyta leyfis Minjastofnunar Íslands til að raska þeim og sæta þeim skilmálum sem stofnunin kann að setja.

# Fornleifaskrá

Sýsla	Sveitarfélag	Núv. sveitarfél.	Hverfi	Aðalnr.
Gullbringusýsla	Reykjanesbær			231
Landareign	MÍ:Nr	Heiti		Undirnr.
Innri Njarðvík				1

Skrásetjari	Dags.	GPS Staðsetning	Viðmiðun	M.y.s.	Skekkja
Bjarni F. Einarsson	30.11.2018		Isn 93		

Tegund minja	Tilgáta/Niðurstaða	Verk	Fjöldi				
Rúst		Nja 18	1				
Hættumat	Hætta	Ástand	Aldur	Í eyði	Tímab. hættumat	Tímab. hætta	Á kort?
Ábúð	Lítill	Ágætt	1550-1900		Framkvæmdir	Talsverð	Nei
Minjagildi	Einkunn	Varðveislugildi	Einkunn 2	Friðlýsa?	Friðlýst?	Hvenær	
Talsvert	6	Talsvert	6	Nei	Nei		

## Legg og staðhættir


Í túni norðan við gamla bæjarhólinn og norðan við kirkjugarðinn.

## Heimildir og munnmæli

## Lýsing

**Rúst.**  
4 x 9 m stór (NV - SA). Veggir úr grjóti og torfi. Breidd þeirra verður ekki greind með vissu, en lætur nærri að hún sé um 1 m. Tvö hólf eru á rústinni (A og B). Á stærra hólfinu (A) eru líklega dyr mót NV. Á minna hólfinu (B) eru dyr eða op mót NA. Hæð veggja er 0,4 m. Við SV hornið á hólf A, utanverður er áberandi steinar. Rústin er vel gróin grasi.

## Teikning/Ljósmynd



## Ljósmynd



Ljósmyndari

Bjarni F. Einarsson

Filma nr./teg. myndar

Canon EOS 550D

## Athugasemdir

Ef ekki er hægt að tryggja öryggi fornleifanna þarf að leyta leyfis Minjastofnunar Íslands til að raska þeim og sæta þeim skilmálum sem stofnunin kann að setja.

# Fornleifaskrá

Sýsla	Sveitarfélag	Núv. sveitarfél.	Hverfi	Aðalnr.
Gullbringusýsla	Reykjanesbær			232
Landareign	MÍ:Nr	Heiti		Undirnr.
Innri Njarðvík				1

Skrásetjari	Dags.	GPS Staðsetning	Viðmiðun	M.y.s.	Skekkja
Bjarni F. Einarsson	30.11.2018		Isn 93		

Tegund minja	Tilgáta/Niðurstaða	Verk	Fjöldi				
Kirkjugarður og kirkja?		Nja 18	2				
Hættumat	Hætta	Ástand	Aldur	Í eyði	Tímab. hættumat	Tímab. hætta	Á kort?
Ábúð	Lítill	Lélegt	-1550		Framkvæmdir	Mikil	Nei
Minjagildi	Einkunn	Varðveislugildi	Einkunn 2	Friðlýsa?	Friðlýst?	Hvenær	
Talsvert	6	Talsvert	6	Nei	Nei		

## Legg og staðhættir

Í vestanverðum eldri hluta kirkjugarðs, vestur af núverandi kirkju.

## Heimildir og munnmæli

### Lýsing

#### Kirkjugarður og kirkja?

Garðurinn er um 22 x 23 m og virðist hringlaga að hluta. Líklega má grilla í vegg hér og hvar, sérstaklega að norðan, en það gæti stafað af stíg sem þar liggur að kirkjunni. Mörg leiði eru innan í þessum meinta garði, það elsta frá 1882 - 1895. Þar sem vænta má að kirkjan hafi staðið eru nú tvö leiði (sambyggð) í steypum ramma. Elst er frá 1914.

### Teikning/Ljósmynd



### Ljósmynd



Ljósmyndari

Bjarni F. Einarsson

Filma nr./teg. myndar

Canon EOS 550D

### Athugasemdir

Ef ekki er hægt að tryggja öryggi fornleifanna þarf að leyta leyfis Minjastofnunar Íslands til að raska þeim og sæta þeim skilmálum sem stofnunin kann að setja. Hugsanlega ná minjalög ekki yfir minjar af þessu tagi innan kirkjugarðs sem enn er í notkun?